

vegsmanna f. h. Útvegsmannafélags Reykjavíkur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 30. desember 1969.

Nr. 6/1969. **Alþýðusamband Íslands vegna Málm- og skipasmíðasambands Íslands f. h. Félags járníðnaðarmanna í Reykjavík**

(Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

Vinnuveitendasambandi Íslands vegna Meistarafélags járníðnaðarmanna f. h. Stálvíkur h. f., Garðahreppi

(Björgvin Sigurðsson hdl.).

Dómarar:

Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds, Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Verkbann dæmt lögætt. Sýknað af bótakröfu.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi af Alþýðusambandi Íslands vegna Málm- og skipasmíðasambands Íslands f. h. Félags járníðnaðarmanna í Reykjavík gegn Vinnuveitendasambandi Íslands vegna Meistarafélags járníðnaðarmanna f. h. Stálvíkur h/f, Garðahreppi, með stefnu, dags. 12. maí þ. á.

Dómkröfur stefnanda eru þær:

að verkban, sem stefndi tilkynnti 2. maí s.l., verði dæmt ölögætt,

að stefndi verði dæmdur í hæfilega sekt fyrir brot á lögum nr. 80/1938,

að dæmt verði, að Stálvik h/f sé skylt að greiða þeim félagsmönnum Félags járníðnaðarmanna í Reykjavík, sem unnu hjá hlutafélaginu þegar verkbannið var lagt á, fullt kaup meðan verkbannið stóð yfir.

Loks krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Á fundi í Meistarafélagi járníðnaðarmanna hinn 9. apríl þ. á. var svohljóðandi ályktun samþykkt:

„Í tilefni fyrirhugaðs verkfalls Iðju, félags verksmiðjufólks hjá Ísaga h.f., er stjórn Meistarafélags járníðnaðarmanna hér með heimilað að boða til verkþanns í samvinnu við stjórn Vinnuveitendasambands Íslands, ef þörf krefur“.

Var ályktun þessi send Vinnuveitendasambandi Íslands sem stefnuyfirlýsing sama dag og þess óskað, að stjórn þess tæki sem fyrst afstöðu til hugsanlegs verkþanns. Daginn eftir, hinn 10. apríl, samþykkti stjórn sambandsins svofellda tillögu með 34 af 38 mögulegum atkvæðum:

„Stjórnarfundur Vinnuveitendasambands Íslands, haldinn 10. apríl 1969 að Garðastræti 41, Reykjavík, samþykkir að fyrirskipa verksviptingu hjá öllum félagsmönnum í Meistarafélagi járníðnaðarmanna og felur fundurinn framkvæmdastjórn sambandsins að ákveða hvenær verksviptingin komi til framkvæmda. Verksvipting þessi skal taka til allra félagsmanna í Félagi járníðnaðarmanna í Reykjavík og Hafnarfirði og aðstoðarmanna í vélsmiðjum, sem starfa hjá félagsmönnum í Meistarafélagi járníðnaðarmanna“.

Hinn 16. apríl s.l. sendi Vinnuveitendasamband Íslands Félagi járníðnaðarmanna svohljóðandi tilkynningu um verkþann:

„Samkvæmt áður fengnu umboði, ákvað framkvæmdastjórn sambands vors á fundi sínum í gær, að beiðni Meistarafélags járníðnaðarmanna, að boða verkþann á alla félagsmenn yðar, er starfa hjá félagsmönnum í Meistarafélagi járníðnaðarmanna.“

Verkþann þetta kemur til framkvæmda á miðnætti aðfaranótt 24. þ. m., takist ekki samningar fyrir þann tíma“.

Sama dag var sáttasemjara ríkisins send tilkynning um verkbannið.

Verkbannið kom til framkvæmda 24. apríl s.l., eins og boðað hafði verið.

Um samskipti Félags járníðnaðarmanna og Stálvíkur h/f er það fram komið, að hinn 2. apríl s.l. tilkynnti járníðnaðarmannafélagið Stálvík h/f vinnustöðvun hjá nefndu hlutafélagi dagana 10. og 11. apríl, ef ekki hefði fyrir þann tíma tekizt samkomulag um verðlagsuppbót á laun og 16. apríl s.l. boðaði sama stéttarfélag vinnustöðvun hjá Stálvík h/f frá og með 25. apríl til og með 30. apríl með sama skilorði og áður greinir. Komu báðar þessar vinnustöðvanir til framkvæmda, en samkvæmt málflutningi aðilja voru þá eigi í gildi neinir kjarasamningar milli hlutafélagsins og Félags járníðnaðarmanna í Reykjavík.

Hinn 2. maí s.l. gerðist Stálvík h/f félagi í Meistarafélagi járníðnaðarmanna, sem er aðili í Vinnuveitendasambandi Íslands. Sama dag tilkynnti sambandið Félagi járníðnaðarmanna inngöngu Stálvíkur h/f, og skýrði jafnframt frá því, að framangreint verkbanntæki frá og með 3. maí til þeirra félagsmanna í Félagi járníðnaðarmanna, sem störfuðu hjá Stálvík h/f.

Félag járníðnaðarmanna mótmælti þá þegar, að verkbanntæki gæti náð til þeirra félagsmanna sinna, er störfuðu hjá Stálvík h/f, þar sem verkbanntæki hefði eigi verið boðað með lögum fyrirvara. Mundu járníðnaðarmenn því mæta til vinnu hjá hlutafélaginu, og var krafizt launa þeim til handa meðan hið ólögumæta ástand varaði.

Stefnandi byggir málssókn sína á því, að hið almenna verkbanntæki, er hófst 24. apríl s.l. af hálfu Meistarafélags járníðnaðarmanna, hafi í reynd verið samúðarvinnustöðvun til stuðnings þeim atvinnurekendum, sem verkfall Iðju bitnaði á, en þeir hafi eigi verið félagsmenn í nefndu meistarafélagi. Stálvík h/f hafi hins vegar hvorki verið félagsaðili í meistarafélaginu, þegar ákvörðun um verkbanntæki var tekin né heldur þegar það kom til framkvæmda. Af þessu leiði, að taka hefði þurft sérstaka ákvörðun um verkbanntæki af hálfu Stálvíkur h/f. Þetta hafi ekki verið gert og auk þess hafi

verkbannið, að því er hlutafélagið varðar, eigi verið tilkynnt með þeim fyrirvara, sem 16. gr. laga nr. 80/1938 kveði á um. Telur stefnandi, að innganga Stálvíkur h/f í meistarafélagið geti eigi að lögum leitt til þess, að áður boðað verk-bann taki jafnskjótt og fyrirvaralaust til hlutafélagsins, þar sem það hafi eigi gerzt félagsaðili fyrr en verk-bannið var komið til framkvæmda. Beri því að dæma nefnt verk-bann af hálfu Stálvíkur h/f ólögmætt og gera hlutafélaginu að greiða sekt fyrir brot á lögum nr. 80/1938. Jafnframt telur stefnandi, að fella eigi á Stálvík h/f skyldu til þess að greiða starfs-laun til þeirra félagsmanna járníðnaðarmannafélags-ins, er störfuðu hjá hlutafélaginu, meðan hið ólögmæta verk-bann stóð yfir.

Sýknukrafa stefnda er studd þeim rökum, að þar sem gætt hafi verið allra formsatriða við boðun og framkvæmd verk-banns Meistarafélags járníðnaðarmanna, hafi það tekið til Stálvíkur h/f jafnskjótt og félagið gekk í Meistarafélag járníðnaðarmanna. Heldur hann því fram, að ekki sé nauð-synlegt að boða vinnustöðvun sérstaklega fyrir hvern vinnu-stað og skipti ekki máli, þótt Stálvík h/f væri eigi félags-aðili í Meistarafélagi járníðnaðarmanna, þegar ákvörðun um hið almenna verk-bann var tekin og ekki heldur áður en það hófst. Löglega boðuð vinnustöðvun taki sjálfkrafa til allra þeirra, sem séu félagsaðilar þeirra samtaka, er til vinnu-stöðvunar boði, hvort sem vinnuveitendur eða verk-lýðsfélög eigi þar hlut að máli, og skipti þá eigi heldur máli, hvort vinnustöðvunin sé gerð til þess að knýja fram kröfur þeirra, er að henni standa, eða eingöngu í samúðarskyni.

Eigi er fram komið í máli þessu, að kjarasamningar eða aðrar skuldbindingar af hálfu Stálvíkur h/f hafi bundið hendur hlutafélagsins um það að heita verk-banni gegn fé-lagsmönnum í Félagi járníðnaðarmanna í Reykjavík. Tók verk-bann Meistarafélags járníðnaðarmanna því til Stálvíkur h/f, án sérstakrar ákvörðunar eða boðunar um það, strax er hlutafélagið hafði gerzt réttur aðili að samtökum meist-arafélagsins, en réttmæti aðildar Stálvíkur h/f að nefndum samtökum meistara í járníðnaði hefur ekki verið vefengt.

Samkvæmt þessu ber að taka sýknukröfu stefnda til

greina, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands vegna Meistarafélags járníðnaðarmanna f. h. Stálvíkur h/f, Garðahreppi, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands vegna Málm- og skipasmíðasambands Íslands f. h. Félags járníðnaðarmanna í Reykjavík, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 13. október 1970.

Nr. 2/1970. **Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Vestfjarða vegna Vélsmiðjunnar Þórs h/f**
(Barði Friðriksson hrl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h. Félags járníðnaðarmanna á Ísafirði
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómarar:

Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds, Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Ákvæði kjarasamnings um kaffitíma skýrð.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 22. júní þ. á., af Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Vestfjarða vegna Vélsmiðjunnar Þórs h/f gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Félags járníðnaðarmanna á Ísafirði.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að dæmt verði, að ákvæðið: „Þó skulu kaffitímar verða